

Kirkjuþing 2021-2022  
36. mál – þskj. 36

## T I L L A G A

### **til þingsályktunar um skipan framkvæmdanefndar kirkjuþings og erindisbréf nefndarinnar.**

(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af forsætisnefnd.

Frsm. Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir að kjósa framkvæmdanefnd skipaða þremur kirkjuþingsfulltrúum, tvo úr hópi óvígðra og tvo til vara, einn úr hópi vígðra og einn til vara með sama hætti. Formaður skal kosinn sérstaklega. Umboð nefndarinnar gildir til næsta reglulegs kirkjuþings 2022.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir eftirfarandi erindisbréf framkvæmdanefndar kirkjuþings:

### **ERINDISBRÉF**

framkvæmdanefndar kirkjuþings.

1. gr.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings, fer, fyrir hönd kirkjuþings, með eftirlit með því að starfsreglum, ályktunum og samþykktum kirkjuþings sé fylgt eftir.

Framkvæmdanefndin er ábyrg gagnvart kirkjuþingi.

Nefndin hefur gætur á því að rekstrarskrifstofa þjóðkirkjunnar sinni almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups Íslands, eftir því sem við á, í samræmi við þau verkefni og sérfræðiþekkingu sem er innan vébanda skrifstofunnar.

2. gr.

Framkvæmdanefndin heldur að jafnaði mánaðarlega fundi.

Framkvæmdanefndin boðar meðal annarra biskup Íslands, forseta kirkjuþings og framkvæmdastjóra rekstrarskrifstofu, eða fulltrúa þeirra, á fundina eftir því sem málefni gefa tilefni til.

Nefndin skilar árlega skýrslu til kirkjuþings, eftir hvert starfsár nefndarinnar.

3. gr.

Telji framkvæmdanefnd kirkjuþings að ástæða sé til að ætla, að eigi sé farið eftir starfsreglum, stefnum, ályktunum, áætlunum, öðrum samþykktum kirkjuþings eða að góðum stjórnarháttum hafi ekki verið fylgt, skal nefndin tilkynna það forseta kirkjuþings.

4. gr.

Framkvæmdanefnd kirkjuþings er kosin til eins árs. Hið sama gegnir um varamenn.

Starfsreglur um þingsköp kirkjuþings gilda um hæfi nefndarmanna.

Framkvæmdanefndin ræður framkvæmdastjóra rekstrarskrifstofu kirkjunnar og setur honum starfslýsingu.

Framkvæmdanefndin skal sjá til þess að ritaðar séu fundargerðir af fundum nefndarinnar og þær birtar á opnum vef kirkjunnar, að jafnaði innan viku frá fundi. Heimilt er nefndinni að halda sérstaka trúnaðarbók um málefni, sem nauðsyn krefur að trúnaður ríki um.

Framkvæmdanefndin setur sér vinnureglur og verkferla sem eru birt á vef kirkjunnar.

Framkvæmdanefndin hefur aðgang að skjalasafni þjóðkirkjunnar.

Framkvæmdastjóri rekstrarskrifstofu veitir framkvæmdanefndinni þær upplýsingar sem nefndin óskar eftir.

Hver nefndarmaður skal undirrita ótímabundna trúnaðaryfirlýsingu um þagnarskyldu áður en hann tekur til starfa.

Erindisbréfið gildir frá 1. janúar 2022 til næsta reglulegs kirkjuþings 2022.

## Greinargerð.

Með þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar í 7. máli aukakirkjuþings 2021, var samþykkt að skipta yfirstjórn þjóðkirkjunnar upp í tvö ábyrgðarsvið sem muni starfa náið saman. Í þingsályktuninni segir m.a. svo:

„Kirkjuþing kýs framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsfulltrúa sem hefur í umboði kirkjuþings eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi. Í framkvæmdanefnd skulu vera þrír nefndarmenn, tveir úr hópi óvígðra og einn úr hópi vígðra. Varamenn skulu vera jafn margir í sömu hlutföllum. Aðal- og varamenn skulu kosnir af kirkjuþingi til árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.“

Um framkvæmdanefndina er fjallað í fleiri tillögum sem eru lagðar fram á kirkjuþingi 2021 – 2022. Fjallað er um framkvæmdanefndina í 4. gr. tillögu forsætisnefndar að starfsreglum um kirkjuþing í 10. máli þingsins. Segir þar m.a. að kirkjuþing setji nefndinni erindisbréf. Þá er fjallað um framkvæmdanefndina í tillögu forsætisnefndar að starfsreglum um þingsköp kirkjuþings í 11. máli þingsins. Þar er nefndin skilgreind sem ein af fastanefndum kirkjuþings, er sé skipuð þremur kirkjuþingsfulltrúum og þremur til vara. Jafnframt er lagt til að þar með sé fækkað fulltrúum í allsherjar-, fjárhags- og löggjafarnefndum þingsins, um einn í hverri nefnd. Þykir það ekki fara saman að eiga sæti bæði í framkvæmdanefnd og einhverri framangreindri þriggja fastanefnda. Þá er fjallað um framkvæmdanefndina í tillögum að starfsreglum um fjármál þjóðkirkjunnar í 13. máli kirkjuþings og er þar útfærsla á því hvernig nefndin sinnir almennu eftirlitshlutverki sínu að því er varðar fjármál kirkjunnar. Fjallað er um nefndina í tillögum að starfsreglum um rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar (rekstrarstofu) í 38. máli þingsins. Þar er gert ráð fyrir að nefndin ráði framkvæmdastjóra rekstrarstofu þjóðkirkjunnar, setji honum starfslýsingu og ákvarði starfskjör. Vafalaust er að um nefndina verði fyrirmæli í þeim starfsreglum sem endurskoðunarnefnd um starfsreglur, sú sem sett var á laggirnar á aukakirkjuþingi 2021 í 9. máli þingsins, mun leggja fram á kirkjuþingi.

Forsætisnefnd mun leggur til að framkvæmdanefndin verði kosin á fundi kirkjuþings í október 2021 til að hún geti hafist handa við að undirbúa þá innleiðingu á nýju stjórnkerfi kirkjunnar sem tekur gildi um áramótin 2021 – 2022, sbr. þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar í 7. máli aukakirkjuþings 2021. Er þá m.a. stuðst við góða reynslu af því frá árinu 2020 að kjósa bæði úthlutunarnefnd og kjaranefnd til

undirbúnings áður en þær hófust handa við eiginleg verkefni sín. Einnig er ljóst að skammur tími er til stefnu, rúmir tveir mánuðir og því mikilvægt að nýta hann sem best.